



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

5. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn mánudaginn 9. janúar 2017. Fundur var settur kl 10:00 og var að þessu sinni símafundur.

Fundinn sátu:

Dagný Hulda Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Eyrún Jónasdóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf
Þórður Freyr Sigurðsson, fulltrúi SASS
Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi SASS
Sigurður Rafn Hilmarsson, Fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Magnús Bragason, Fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Verkefni sl. mánaðar
- Verkefnin framundan
- Önnur mál

[Verkefni sl. mánaðar](#)

Sýningar

- **Mannamót** verður haldið 19. janúar í flugskýli flugfélagsins Ernir. Undirbúningsvinna hefur verið mikil, sérstaklega nú þegar nær dregur viðburðinum. Skráning er góð, bæði hjá sýnendum og gestum, og nokkrar nýjungar verða á sýningunni í ár. Samstarf Markaðsstofa landshlutanna verður sýnilegri en áður en gerður var sameiginlegur rúllustandur með helstu tölfraeðiupplýsingum um samstarfið (infographic). Stærri aðilum og ferðaskrifstofum býðst að vera sóttar sérstaklega. Gæsla verður úti á bílastæðum ásamt því að tímatafla fyrir bílastæðaskutluna verður kynnt vel. Þá sendu markaðsstofurnar í fyrsta skipti boð á erlenda tengiliði þar sem þeim bauðst að heimsækja sýninguna.

Verkefni (í samstarfi við SASS)

- Markaðsgreiningunni er formlega lokið og hafa kynningarfundir verið ágætlega sóttir. Viðtal við framkvæmdastjóra varðandi greininguna birtist í Dagskránni. Námskeiðin verða haldin í febrúar.

- Verkefni um samræmingu korta á Suðurlandi er komið af stað og vinna byrjuð með samstarfshóp ásamt kortagerðarmanni og hönnuði.
- Verkefni um Sunnlenskar vörur – sameiginleg markaðssetning farið af stað, í upphafi áhersla á gagnaöflun og samtöl.
- Dagný er í verkefnastjórn í verkefni um kortavef Suðurlands, Ragnhildur í rannsókn um þolmörk íbúa og Þorsteinn í tekjuskiptingu sveitarfélaga.
- Samningsbundin verkefni fyrir SASS eru alltaf í gangi, s.s. vinna við Uppbyggingarsjóð, samstarfsfundi, verkefnavinnu og fleira.

Markaðsstofur landshlutanna (MAS)

- Á MAS fundi í desember voru tekin fyrir ýmis mál. Rætt var við Reyni, nýráðinn starfsmaður hjá Stjórnstöð, um einföldun á stjórnsýslu í tengslum við ferðaþjónustuna. Erindi var fylgt eftir í ráðuneyti er varðaði fjármögnun MAS en bar ekki árangur. Mannamót voru rædd og unnið í skipulagi og undirbúningi. Fjallað var um framkvæmd, starfsmannamál og fjármögnun á DMP og Kjarnaveitum. Þá var stefnumótun MAS var til umræðu. Samstarfslýsing við Íslandsstofu var einnig til umræðu þar sem mikilvægt er að leggja mat á verkefni og sameiginlegan ávinning samstarfsins. Talsvert rætt um þátttöku á sýningum og vinnustofum. Áherslan árið 2017 verður á að taka meira þátt í vinnustofum.

Ferðamálastofa – Stjórnstöð ferðamála

- Samningur gerður við FMST um DMP og Kjarnaveitur. Þeim verkefnum fylgja 10 milljónir.
- **DMP** (e. destination management plan), mikil vinna hefur verið m.a. við hagaðilagreiningu.

Ýmis önnur verkefni

- Í gangi hefur verið áframhaldandi vinna með ferðamálateymi Fjölheima þar sem Háskólafélag Suðurlands og Fræðslunetið eru að setja upp nám í ferðaþjónustutengdum greinum (skv. skýrslu Stjórnstöðvar). Umsókn er í mótun.
- Áfram er verið að vinna að þróun og gerð **sveitarfélagasíðna** á vefnum south.is. Ein síða er komin í loftið og fleiri eru í vinnslu.
- Vinna við samfélagsmiðla og heimasíðu.
- Jólafri – lokað var milli jóla og nýárs.

Verkefni framundan

Sýningar

- Mannamót verður 19. janúar og því fylgir mikill undirbúningur og vinna.
- Mid Atlantic verður haldið 26.-28. janúar þar sem MSS verður með fjórfaldan bás eins og á Vestnorden. Þar munu fulltrúar svæða/sveitarfélaga ásamt starfsfólki MSS manna básinn. Send var inn tillaga að post tour, en met fjöldi tillagna barst og ferðin okkar ekki valin að þessu sinni. Verið er að skoða áherslur á sýningunni út frá niðurstöðum markaðsgreiningarinnar. Þar eru t.d. tveir markhópar sem vert er að skoða að höfða frekar til,

ævintýragjarnir ferðamenn og fjölskyldufólk. Í framhaldinu verður skoðað að standa fyrir FAM ferðum með áherslu á þessi þemu.

Ýmis önnur verkefni

- **Námskeið** verður haldið í febrúar þar sem niðurstöður markaðsgreiningar eru kynntar og fyrirtækjum leiðbeint hvernig þau geta nýtt sér niðurstöðurnar. Ferðamálastofa veitti styrk í verkefnið.
- **Samstarfsverkefni SASS** halda áfram, s.s. úthlutun úr uppbyggingarsjóð, teymi/hópar á ýmsum sviðum, áhersluverkefni ásamt annari vinnu.
- Fyrirhugaður fundur í janúar með **samstarfshópi um ferðamál** um samræmingu korta og fleiri mál.
- Verkefni vegna DMP vinnu með Stjórnstöð ferðamála halda áfram. Hagaðilagreiningu verður skilað á næstu dögum og næsta verkefni er að skila tillögum að skipun svæðisráðs.
- **Vefur og miðlar**
 - Áframhaldandi vinna við sveitarfélagasíður og fleira á heimasíðunni www.south.is.
 - Markaðsáætlun 2017 er í vinnslu en hún miðar enn frekar að notkun samfélagsmiðla og áhrifavalda. Þorsteinn vinnur það í samræmi við niðurstöður markaðsgreiningar.
- Vinna heldur áfram í að skýra verkferla fyrir fjölmiðlafyrirspurnir og blaðamannaferðir ásamt því að sinna þeim fyrirspurnum sem berast.
- Unnið verður að því að styrkja samstarf við aðildarfyrirtæki enn frekar ásamt aðlögun gjaldskrár út frá reynslu nýrrar gjaldskrár.

Önnur mál

Sýningar 2017

Þátttaka verður í föstum sýningum eins og undanfarin ár, Mannamót, Mid-Atlantic og Vestnorden og svo framhaldið skoðað með Markaðsstofum landshlutanna. Framkvæmdastjóri hefur líst yfir áhuga sínum á þátttöku í vinnustofum í Kanada ásamt í Mið- og Suður Evrópu. Kostnaður slíkrar þátttöku verður skoðaður og ákvörðun tekin þar í framhaldi.

Stjórnarfundir

Næsti snertifundur verður í Vestmannaeyjum í febrúar.

Ferðamálasamtök Suðurlands – framhald

Eitt af forgangsverkefnum þessa árs er að ganga frá málum varðandi umboð stjórnarmanna í MSS. Þórður kynnti lauslega hugmyndir sem hann er búinn að setja upp. Rætt verður betur um fyrirkomulag á næsta snertifundi stjórnar, Ása og Þórður ætla að koma með tillögum.

Í dag er staðan sú að stofnendur MSS tilnefna fulltrúa í stjórn. Þau félög eru með mismikla starfsemi og virkni í dag. Þórður leggur til að 2 fulltrúar verði áfram skipaðir af SASS en verði tilnefndir af ársþingi SASS en ekki stjórn. Hinir 4 fulltrúarnir verði kosnir úr hópi aðildarfyrirtækja MSS á aðalfundi ár hvert. Leitast verði eftir að hafa jafna dreifingu yfir allt Suðurland.

Drög að fjárhagsáætlun 2017

Drög að fjárhagsáætlun 2017 liggja fyrir, en enn nokkrir liðir óljósir. Unnið er að lokaútgáfu sem lögð verður fyrir næsta fund. Enn er nokkuð óljóst um hvernig verkefnum og fjármagni þeim tengdum verður háttað, þetta verður skoðað nánar. Þá telur framkvæmdastjóri mikilvægt að núverandi samningur við SASS verði endurskoðaður/stækkaður með tilliti til aukinna verkefna til að tryggja verkefna- og tekjugrunn MSS og tryggja þannig að stofnunin geti betur sinnt þeim verkefnum sem hún hefur tekið að sér fyrir SASS. Styður stjórn þá tillögu. Við markaðskostnað verður unnið út frá áherslum markaðsgreiningar.

Tillaga að breyttum aðildargjöldum - aðlögun

Þarf að skoða frekar en þyrfti þá að vera tilbúið fyrir næsta sumar þegar innheimta aðildargjalda fer fram.

Húsnæðismál MSS

Aðstaða í Fjölheimum er enn til skoðunar.

Árshátíð MSS

Ánægja var með fyrirkomulag á árshátíð síðasta árs svo ákveðið var að halda því skipulagi. Dagurinn byrjaður með málþingi, svo farið í örferð um nágrennið og endað á kvöldskemmtun. Farið verður í að skoða staðsetningu og skipuleggja. Lagt til að árshátíðin verði 31. mars nk.

Aðildarfyrirtæki

Nokkur ný fyrirtæki hafa bæst í hópinn undanfarið. Þorsteinn mun fara í það á næstunni að kynna MSS fyrir fleiri fyrirtækjum sem ekki eru í aðild.

Heimsóknir og fundir með samstarfsaðilum eru fastir liðir í starfseminni.

Landshlutabæklingur

Umræða um útgáfu bæklingins, kosti og galla. Ákveðið var að senda aftur út könnun meðal aðildarfyrirtækja sem gerð var síðast að hausti 2014. Með henni verður kannað hvar aðilar vilja að áherslur MSS liggja. Niðurstöður liggja vonandi fyrir á næsta fundi.